

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. janúar 2023
Málsnúmer: 202212-0034
SS/LA

Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn HS Orku hf. um rannsóknarholur VAT-1 og RN-30/RN-17B við Reykjanesvirkjun

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu á framkvæmd HS Orku hf. á nýjum rannsóknarholum (VAT-1 og RN-30/RN-17B) við Reykjanesvirkjun.

Um tvær nýjar rannsóknarborholur er að ræða við núverandi vinnslusvæði á Reykjanesi og er megin tilgangur að rannsaka hvort svæðið sé ákjósanlegt fyrir niðurdælingu og að rannsaka möguleika á að nýta jarðhita úr öðru misgengi sem liggur utan við núverandi vinnslusvæði þ.e. svonefnt „miðkerfi“ en það er talið fullnýtt.

Fyrirhugaðir borteigir, VAT-1 og RN-30/RN-17B eru staðsettir innan skilgreinds iðnaðarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030. VAT-1 er utan núverandi nýtingarsvæðis, suður af Gráa lóninu og er þörf á nýjum aðkomuveg sem og nýjum borteig, um 5400 fermetra að stærð. RN-30/RN-17B er staðsett innan núverandi nýtingarsvæðis og nýttist aðkomuvegur og eldra borplan fyrir þá holu en þó er þörf á stækkun borplansins um 1000 fermetra samkvæmt framkvæmdalýsingu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynninguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar er varða Reykjanesvirkjun er hún staðsett á svæði með umtalsvert verndargildi vegna jarðminja, landslags og lífríkis. Svæðið er á núgildandi náttúruverndaráætlun nr. 106: Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg og var einnig á samþykkttri náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem svæði sem ætti að friðlýsa. Ekkert hefur orðið af því en umfang iðnaðarstarfsemi á svæðinu farið vaxandi og er það í dag mjög raskað og verndargildi þess hefur rýrnað umtalsvert þó enn finnist merkar jarðminjar á svæðinu auk þess sem virk landmótun er vissulega enn að hafa mikil áhrif.

Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á verndargildi jarðhitasvæðisins á Reykjanesi í samantekt stofnunarinnar á verndargildi háhitasvæða landsins. Erlendis eru háhitasvæði ekki algeng og því hefur sérhvert óraskað eða lítt raskað háhitasvæði mjög hátt verndargildi á alþjóðlegum mælikvarða.

Þá er virkjunarsvæðið innan Reykjanesjarðvangs sem nýtur viðurkenningar UNESCO.

Náttúrufræðistofnun hefur einnig bent á í fyrri umsögnum, m.a. í umsögn dags. 19. maí 2021, um matsskyldu rannsóknarborholu HAL-3, að það skorti að skilgreina heildarnýtingarsvæði Reykjanesvirkjunar eftir því sem virkjunin stækkar og þróast. Krafa er sett í reglugerð um virkjunarkosti í verndar og orkunýtingaráætlun (30/2014) er varðar jarðhitakosti, að tilgreina þurfi mörk nýtingarsvæðis og eftir því sem við á staðsetningu, útlínur og hæð helstu



mannvirkja, borholur, pípulagnir, efnistökuastaði og stöðvarhús. Náttúrufræðistofnun telur að uppfæra eigi slíkar upplýsingar um nýtingarsvæðið.

Í tilfalli rannsóknarborhola VAT-1 og RN-30/RN-17B eru þær staðsettar innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og að hluta til er verið að nýta innviði sem eru til staðar m.a. borplan að stærstum hluta fyrir RN-30/RN-17B. Heppilegra hefði verið ef ekki þyrfti að stækka borplanið. Fyrir borholu VAT-1 er þörf á nýju borplani og nýjum aðkomuveg og ljóst að óafturkræft rask verður á vernduðu hrauni. Það kemur skýrt fram í tilkynningunni. Greint er frá hönnunarútfærslum við vegagerð sem geta bætt upp ásýndaáhrif á hraunið en að öðru leyti er ljóst að raskið verður varanlegt og á svæði sem lítið hefur verið raskað áður fyrir utan tilvist Gráa lónsins. Svæðið nálægt VAT-1 er mjög þakið alaskalúpínu og því ekki um viðkvæmt gróðurfar að ræða sem verður fyrir raski. Mikilvægt er að koma í veg fyrir frekari dreifingu lúpínunnar inn á öröskuð hraun.

Ekkert er fjallað um í tilkynningunni hvort einhver áhrif geti orðið af rannsóknarborholunum á stöðu grunnvatns og grunnvatnsrennsli á svæðinu. Að öðru leyti er ágætlega greint frá umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og því ekki séð að mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa einstöku framkvæmd muni bæta miklu við. Náttúrufræðistofnun telur því framkvæmdina ekki vera matsskylda.

Hins vegar vill Náttúrufræðistofnun ítreka að stöðug sókn í viðbótarholur fyrir Reykjanesvirkjun bendi til þess að jarðhitakerfið sem virkjunin reiðir sig á annar ekki á fullnægjandi hátt þeirri eftirspurn sem aukin áformuð iðnaðarstarfsemi á svæðinu kallar eftir. Náttúrufræðistofnun telur grundvallaratriði að því sé svarað hvort jarðvarmanýting úr jarðhitakerfinu á Reykjanesi sé sjálfbær eða ofnýtt. Almennt er talið að jarðvarmavirkjanir geti enst í allt að 50 ár með sjálfbærri nýtingu en eftir 15 ára nýtingu á Reykjanesi er vinnslusvæðið að því er virðist fullnýtt. Rannsóknarboranir utan “miðkerfis” hafa ekki skilað miklum árangri hingað til. Er eftir meiru að sælast á svæðinu? Og réttlætir það frekara rask á verðmætum jarðminjum?

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

